

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/941**

2022/EES/26/36

frá 10. júní 2021

um sérstakt verklag til að auðkenna þung ökutæki sem eru vottuð sem atvinnuökutæki en eru ekki skráð sem slík og til að leiðrétta árlega, sértæka meðalkoltvísyringslosun framleiðanda til að taka þessi ökutæki með í reikninginn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísyrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í því skyni að auðkenna þung ökutæki, sem eru vottuð sem atvinnuökutæki en eru ekki skráð sem slík, þykir rétt að nota gögnin sem framleiðendur og aðildarríki hafa gefið skýrslu um í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 ⁽²⁾.
- 2) Til að greiða úr misræmi gagnanna, sem skýrsla var gefin um í vottunum og skráningum, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/956, ættu aðildarríki og framleiðendur að hafa heimild til að gera athugasemdir við og, eftir atvikum, gefa skýrslu um nýjar upplýsingar til að leiðrétta áður framlagðar upplýsingar.
- 3) Nauðsynlegt er að leiðrétting árlegrar, sértækrar meðalkoltvísyringslosunar framleiðenda, vegna þungra ökutækja sem eru vottuð sem atvinnuökutæki en eru ekki skráð sem slík, sé hófleg og hafi varnaðaráhrif í því skyni að hvetja til réttrar og vandaðrar vinnslu gagna og til að koma í veg fyrir að slíkum ökutækjum sé eignuð röng koltvísyringslosun, annaðhvort af ásetningi eða vegna vanrækslu.
- 4) Ef framkvæmdastjórnin er þeirrar skoðunar að ökutæki hefði átt að vera skráð sem atvinnuökutæki ætti hún að leiðrétta gögnin, sem aðildarríkin hafa gefið skýrslu um, til samræmis við það og líta á ökutækið sem atvinnuökutæki að því er varðar 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242.
- 5) Við útreikning á sértækri meðalkoltvísyringslosun framleiðanda teljast því ökutæki, sem eru ranglega flokkuð sem þung ökutæki, hafa koltvísyringslosun sem er ákvörðuð út frá notkunarsniði atvinnuökutækja sem er hærrí en koltvísyringslosun sem er ákvörðuð á grundvelli notkunarsniðs ökutækja sem koma með sendingar og er fyrir vikið óhagstæðara fyrir framleiðandann en ef ökutækið hefði verið rétt vottað í upphafi sem ökutæki sem kemur með sendingar.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 205, 11.6.2021, bls. 77. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísyringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja (Stjtið. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Auðkenning þungra ökutækja sem eru vottuð sem atvinnuökutæki en eru ekki skráð sem slík

1. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir þung ökutæki sem hafa verið vottuð sem atvinnuökutæki, í skilningi 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242, á grundvelli gagnanna sem framleiðandinn hefur gefið skýrslu um, í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956, en sem voru ekki skráð sem atvinnuökutæki á grundvelli gagnanna sem aðildarríkin hafa gefið skýrslu um í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956.
2. Framkvæmdastjórnin skal útvega lögbæru yfirvöldunum, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956, og tengiliðunum, sem framleiðandinn tilnefnir skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956, viðeigandi hluta skrárinnar sem um getur í 1. mgr.
3. Lögbær yfirvöld og framleiðendur geta, innan eins mánaðar frá móttöku skrárinnar skv. 2. mgr., útvegað framkvæmdastjórninni skýringar varðandi réttleika gagnanna sem gefin er skýrsla um skv. 4. og 5. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956.
4. Í kjölfar móttöku skýringanna eða að loknu eins mánaðar tímabilinu, sem veitt er skv. 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta skrána yfir þungu ökutækin, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli skýringanna, sem veittar eru skv. 3. mgr., rökstuðningi viðkomandi aðila og mögulega frekari rannsókna.
5. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli matsins sem um getur í 4. mgr., að þung ökutæki, sem voru auðkennd skv. 1. mgr., voru rétt skráð sem ökutæki önnur en atvinnuökutæki skal hún leiðrétta árlega, sértæka meðalkoltvísyringslosun framleiðanda í samræmi við 2. gr. til að taka þau ökutæki með í reikninginn.
6. Á grundvelli tæknilegra eiginleika viðkomandi ökutækja getur framkvæmdastjórnin skipt út upphaflegri vottun skráðs atvinnuökutækis, sem skýrsla var gefin um, þannig að í stað hennar komi vottun sama ökutækisins sem þungt ökutæki sem framleiðandinn skal endurreikna samkvæmt tæknilegum eiginleikum ökutækisins í ökutækjayfirhóp 4, 5, 9 eða 10 í töflu 1 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ⁽³⁾. Í slíku tilviki skal framkvæmdastjórnin ekki leiðrétta árlega, sértæka meðalkoltvísyringslosun framleiðanda, í samræmi við 2. gr., til að taka þessi ökutæki með í reikninginn heldur skulu ökutækin tekin með í ákvörðun á sértækri koltvísyringslosun framleiðanda, í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2019/1242, einkum ef framleiðandinn hefur gripið til þeirra ráðstafana, sem fastlega má gera ráð fyrir, á grundvelli þeirra upplýsinga sem voru tiltækar þegar yfirlýsingin var gerð til stuðnings við rétta yfirlýsingu um að ökutæki sé atvinnuökutæki.
7. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli niðurstöðu matsins sem um getur í 4. mgr., að þungu ökutækin, sem eru auðkennd skv. 1. mgr., ættu að hafa verið skráð sem atvinnuökutæki skal hún leiðrétta gögnin, sem aðildarríkið hefur gefið skýrslu um í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956, og upplýsa aðildarríkið, þar sem þau þungu ökutæki voru skráð, um leiðréttinguna.

2. gr.

Beiting leiðréttinga á sértæka meðalkoltvísyringslosun

Að því er varðar þung ökutæki, sem samsvara ákvæðum 5. mgr. 1. gr., skal árleg sértæk meðalkoltvísyringslosun framleiðanda leiðrétt sem hér segir:

$$(avgCO_{2sg})_{corr} = (V_{sg} \times avgCO_{2sg} + \sum_v CO_2V_v) / (V_{sg} + V_{ocsg}),$$

þar sem:

$avgCO_{2sg}$ er sértæk meðalkoltvísyringslosun framleiðanda, sem er tilgreind í lið 2.2. í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/1242,

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísyringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjútíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1).

V_{sg} er fjöldi nýrra, þungra ökutækja framleiðanda í undirhópi ökutækja *sg*, að undanskildum atvinnuökutækjum, í samræmi við a-lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1242,

Σ_v er summa allra þungra ökutækja framleiðanda í undirhópi ökutækja *sg*, í samræmi við ákvæði 5. mgr. 1. gr.,

$CO2V_v$ er meðaltal koltvísýringslosunar í g/tkm frá atvinnuökutæki *v* fyrir allar mismunandi samsetningar notkunarniða, hleðsluskilyrða og tegunda eldsneytis, sem gefin er skýrsla um í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/956,

Voc_{sg} er fjöldi þungra ökutækja framleiðanda í undirhópi ökutækja *sg*, í samræmi við 5. mgr. 1. gr.

Í stað sértækrar meðalkoltvísýringslosunar framleiðanda $avgCO2_{sg}$ kemur leiðrétt sértæk meðalkoltvísýringslosun framleiðanda ($avgCO2_{sg})_{corr}$, að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/1242.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
